



Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 21. desember 2020

Efni: Hópuppsagnir Sjúkratrygginga Íslands og ákvörðun Vinnumálastofnunar. Kæra til félagsmálaráðuneytis.

Í kjölfar skipulagsbreytinga hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) í september sl. var 14 starfsmönnum stofnunarinnar sagt upp störfum. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda hjá stofnuninni á þeim tíma er uppsagnir áttu sér stað var um 120-130. Í kynningarefni stofnunarinnar vegna skipulagsbreytinga kom til að mynda fram að starfsmenn væru 130 í 113 stöðugildum. Í ársskýrslu vegna ársins 2019 voru starfsmenn sagðir 127 í 120,5 stöðugildum¹.

Bandalag háskólamanna (BHM) telur að um hópuppsögn hafi verið að ræða og því hafi stofnuninni borið að fylgja fyrirmælum laga 63/2000 um hópuppsagnir. Í b-lið 1. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að lögin gildi um hópuppsagnir atvinnurekenda þegar fjöldi starfsmanna sem sagt er upp störfum á 30 daga tímabili er að minnsta kosti 10% starfsmanna hjá atvinnurekanda þar sem starfsmenn eru fleiri en 100 en færri en 300. SÍ hefur borið því við að á launaskrá hjá stofnunni hafi verið 143 einstaklingar er uppsagnir áttu sér stað og því hafi ákvæði laga um hópuppsagnir ekki átt við. Komið hefur á daginn að meðal þessara 143 einstaklinga sem voru á launaskrá eru einstaklingar sem verulega langsótt er að kalla *starfsmenn* í skilningi laganna. Sem dæmi má nefna fimm manna stjórn SÍ sem skipuð er af ráðherra og hefur því ekki eiginlegt ráðningarsamband við stofnunina þó svo að þóknun til stjórnarmanna sé greidd af rekstrarfé hennar sbr. lokamálsliður 1. mgr. 6. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Það er nýlunda að líta svo á að aðilar sem ráðherra skipar í stjórn stofnunar séu taldir með hópi starfsmanna og er það á skjön við þær upplýsingar sem SÍ veitir um fjölda starfsmanna og stöðugilda í opinberum pappírnum eins og ársskýrslum.

Í nýlegum dómi héraðsdóms Reykjavíkur þar sem reyndi á túlkun á ákvæðum laganna² segir meðal annars í niðurstöðu hans:

Með vísan til ákvæða laga um hópuppsagnir nr. 63/2000 sem og athugasemda með frumvarpi að lögunum telur dómurinn að hópur starfsmanna verði að missa vinnuna, þ.e. að ráðningarsambandi atvinnurekanda og starfsmanna hafi verið slitið, til þess að lögin eigi við.

¹ bls. 26: <https://www.sjukra.is/media/skyrslur/Sjukra-Arsskyrsla-2019.pdf>

² Dómur í máli E-3257/2020

Án þess að afstaða sé tekin til niðurstöðu málsins í heild sinni er óhætt að taka undir þessa túlkun dómara á lögum um hópuppsagnir; starfsmenn í ráðningarsambandi við atvinnurekanda er sá hópur sem lögin taka til.

Í kjölfar samtals við sérfræðinga Vinnumálastofnunar sendi undirritaður stofnuninni erindi þar sem óskað var eftir afstöðu hennar til þess hvort um hópuppsögn í skilningi laga nr. 63/2000 hafi verið að ræða þegar 14 starfsmönnum Sjúkratrygginga Íslands var sagt upp störfum í september 2020. Með óundirrituðu svarbréfi dags. 11. nóvember 2020 var það ákvörðun stofnunarinnar að ekki hafi verið um hópuppsögn að ræða. Í rökstuðningi fyrir afstöðu sinni nefndi Vinnumálastofnun að „*uppsagnir nefndar- og stjórnarmanna kunna að koma til skoðunar á grundvelli laga um hópuppsagnir*“. Yrði þetta að skoðast í ljósi 1. mgr. 4. gr. laganna um að ákvæði þeirra gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða fyrirtæki sem er í ráðandi stöðu gagnvart honum. Er uppsögn fyrirtækis eða stofnunar á ráðningarsamningi starfsmanns með túlkun Vinnumálastofnunar gerð jafnsett afturköllun ráðherra á skipun einstaklings í stjórn stofnunar en slík skipun er gerð með einhliða skipunarbréfi ráðherra sem er einskona tilkynning en ekki samkomulag eða samningur eins og í tilviki ráðningarsamnings sem skylt er að gera samkvæmt kjarasamningum. Fær þessi túlkun á engan hátt staðist að mati undirritaðs enda hlýtur ráðningarsamband að vera grunnforsenda þess að um uppsögn eða hópuppsögn í skilningi laga 63/2000 sé að ræða sbr. tilvitnuð orð í nýlega niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur.

Í II. kafla laga 63/2000 er í 5. og 6. gr. fjallað um upplýsingar og samráð sem atvinnurekanda er skylt að veita og gæta. Skal atvinnurekandi þannig hafa samráð við trúnaðarmann stéttarfélaga og fá fram sjónarmið og tillögur áður en endanleg ákvörðun er tekin. Þá skal atvinnurekandi veita trúnaðarmanni, fulltrúa starfsmanna og stéttarfélaga, skriflega allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir. Afrit af þessum upplýsingum er vinnuveitanda skylt að senda Vinnumálastofnun. Í III. kafla laganna er fjallað um tilkynningu til Vinnumálastofnunar. Kemur þar fram í 7. gr. að atvinnurekandi skal, að höfðu fyrrnefndu samráði, senda Vinnumálastofnun skriflega tilkynningu um fyrirhugaðar uppsagnir. Er svo nánar útlistað hvaða upplýsingar tilkynningin skal innihalda.

Það liggur í efni og orðalagi laga 63/2000 að Vinnumálastofnun hefur ákvörðunarvald þegar metið er hvort um hópuppsögn hafi verið að ræða, þ.e. stofnunin ákveður á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga hvort um tilkynningarskylda hópuppsögn hafi verið að ræða. Eins og að framan greinir var það ákvörðun Vinnumálastofnunar að fjöldauppsagnir Sjúkratrygginga Íslands í september sl. hafi ekki verið hópuppsagnir og þ.a.l. þar stofnuninni ekki að tilkynna þær til Vinnumálastofnun og viðhafa samráð við fulltrúa starfsmanna.

Með kæru þessari er þess farið á leit að félagsmálaráðuneytið breyti ákvörðun Vinnumálastofnunar þannig að Sjúkratryggingum Íslands verði gert að tilkynna hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar.

Virðingarfyllst,



Andri Valur Ívarsson,
lögmaður BHM

Viðhengi:

- 1) Erindi BHM til Vinnumálastofnunar, sent með tölvupósti dags. 27. október 2020*
- 2) Ákvörðun Vinnumálastofnunar dags. 11. nóvember 2020, óundirrituð*
- 3) Bréf BHM til forstjóra Sjúkratrygginga Íslands dags. 9. október 2020*
- 4) Svar forstjóra Sjúkratrygginga Íslands dags. 21. október 2020*

Andri Valur Ívarsson

From: Andri Valur Ívarsson
Sent: þriðjudagur, 27. október 2020 14:43
To: gisli.karlsson@vmst.is
Subject: Hópuppsögn hjá Sjúkratryggingum Íslands
Attachments: SI_breytt_skipulag_25092020_loka.pdf; bref_bhm_skipulagsbreytingar_okt_2020.pdf; Bréf BHM til forstjóra SÍ 9okt 2020.pdf

Sæll Gísli.

Ég óska eftir afstöðu Vinnumálastofnunar til þess hvort um hópuppsögn skv. lögum 63/2000 hafi verið að ræða þegar Sjúkratryggingar Íslands sögðu upp hluta starfsfólks síns í lok september sl.

Fram hefur komið í samskiptum við stofnunina að 14 einstaklingum var sagt upp störfum. Þá hefur komið fram m.a. í kynningarefni frá stofnuninni til starfsmanna (glæra nr. 9 í SI_breytt_skipulag) að starfsmenn séu 130 í 113 stöðugildum. Til samanburðar eru starfsmenn skv. óbirtri ársskýrslu 2019 sagðir 127 í 120,5 ársverkum. Forstöðumaður SÍ hefur aðspurð svarað starfsmönnum því til að við mat á því hvort um hópuppsögn hafi verið að ræða hafi verið litið til heildarhóps þeirra sem þiggja með einhverjum hætti laun hjá stofnunni. Þegar fólk í stjórn SÍ og nefndum og ráðum innan SÍ eru talin með er fjöldi starfsmanna yfir 140 og því hafi ekki um hópuppsögn verið að ræða.

Að mínu mat er þetta ótæk nálgun. Lög um hópuppsagnir svara því ekki hverjir teljast starfsmenn í skilningi laganna né heldur við hvaða tímabil skuli miðað er starfsmenn eru taldir. Það hlýtur að vera rökrétt og málefnaleg nálgun að horfa til fjölda starfsmanna sem eru með ráðningarsamband og geta átt yfir höfuð sér uppsögn úr starfi. Stjórnarmenn skipaðir af ráðherra til ákveðins tíma í senn, eða ótímabundið, geta vart talist starfsmenn í skilningi laga nr. 63/2000. Ekkert frekar en aðilar sem sitja í starfsópum og nefndum innan SÍ en hafa ekki formlegt ráðningarsamband.

Sjá í viðhengi annars vegar glærुकynningu frá Sjúkratryggingum Íslands og hins vegar bréf undirritaðs til SÍ og svar við því bréfi.

Kveðja,



Andri Valur Ívarsson hdl. / hagfræðingur
Lögmaður Bandalags háskólamanna
Borgartúni 6
105 Reykjavík
andri@bhm.is
S:595-5100
www.bhm.is



VINNUMÁLA
STOFNUN

Bandalag háskólamanna
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 11.11.2020
Tilv. 202010065 - 117

Efni: Afstaða Vinnumálastofnunar til fyrirsagnar BHM varðandi hópuppsagnir.

Vinnumálastofnun vísar til erindis Andra V. Ívarssonar f.h. BHM þar sem óskað er eftir afstöðu stofnunarinnar til þess hvort um hafi verið að ræða hópuppsögn í skilningi laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir þegar 14 starfsmönnum Sjúkratryggingar Íslands var sagt upp í september 2020.

Í erindi eru gerðar athugasemdir við það að stjórnendur Sjúkratrygginga Íslands hafi litið til heildarfjölda þeirra sem fá greidd laun hjá stofnunni við mat á því hvort um hópuppsögn hafi verið að ræða, þ.e. að einstaklingar í stjórn, nefndum og ráðum innan Sjúkratrygginga Íslands hafi verið taldir með í heildarfjölda starfsmanna. Sú aðferð hafi leitt til þess að starfsmannafjöldi hafi farið yfir 140 og því hafi ekki verið um hópuppsögn að ræða í skilningi ofangreindra laga. Telur BHM að við framangreint mat verði að horfa til fjölda starfsmanna sem eru með ráðningarsamband og geta átt yfir höfuð sér uppsögn úr starfi og að stjórnarmenn skipaðir af ráðherra til ákveðins tíma í senn, eða ótímabundið, geta vart talist starfsmenn í skilningi laga um hópuppsagnir.

Lög nr. 63/2000 gilda um hópuppsagnir. Eiga löggin við um uppsagnir atvinnurekanda þegar fjöldi þeirra starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er:

- a). a.m.k. 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
- b). a.m.k. 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c). a.m.k. 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Líkt og bent er á í erindi BHM er ekki skýrt afmarkað í lögum um hópuppsagnir hverjir teljast starfsmenn í skilningi laganna við mat á heildarfjölda starfsmanna. Frumvarp það er varð að lögum um hópuppsagnir gefur heldur ekki viðhlítandi svar við því hvernig skuli finna út heildarfjölda starfsmanna hjá fyrirtækjum þegar kemur að hópuppsögnum. Í samræmi við ofangreint lagaákvæði hefur Vinnumálastofnun, við mat á því hvort um hópuppsagnir er um að ræða, horft til þess hversu margir starfsmenn eru venjulega í vinnu hjá atvinnurekanda. Vanalega reynist ekki vafi á því hver heildarfjölda starfsmanna er eða hvort tiltekinn hluti starfsfólks teljist til starfsmanna í skilningi laga um hópuppsagnir. Telur Vinnumálastofnun að allt starfsfólk fyrirtækis, óháð starfshlutfalli eða starfsstöð teljist til starfsfólks skv. 1. gr. laga um hópuppsagnir.

Það tilfelli sem um ræðir og er tilefni erindis varðar opinbera stofnun og starfsmenn nefnda og stjórnar hennar. Auk frumvarps til laga um hópuppsagnir veita tilskipanir, þær sem lög um hópuppsagnir grundvallast á, ekki vísbendingar um hverjir skuli teljast til heildarfjölda starfsmanna enda var tilskipunum ekki ætlað að gilda um starfsmenn sem starfa hjá opinberum stofnunum. Í lögum um hópuppsagnir er ekki með afgerandi hætti tekið fram að opinberar stofnanir heyri undir ákvæði laganna. Þó svo að löggin fjalli einungis um atvinnurekendur og fyrirtæki er ljóst að ekki þótti ástæða til að taka upp tilmæli

tilskipunar 98/59/EB sem undanskilur störf við opinbera stjórnsýslu eða hjá stofnunum sem lúta opinberum rétti.

Í þeim tilvikum sem lög um hópuppsagnir kunna að eiga við um uppsagnir hjá opinberum stofnunum gerir Vinnumálastofnun ekki greinarmun á starfssviði starfsmanna, eðli þeirra starfa sem heyra undir atvinnurekanda eða hvar ákvörðun um uppsögn var tekin. Þrátt fyrir þau sjónarmið sem fram koma í erindi BHM verður að líta til þess að þó ekki hafi komið til uppsagna hjá umræddum nefndar- og stjórnarmönnum er ljóst að uppsagnir nefndar- og stjórnarmanna kunna að koma til skoðunar á grundvelli laga um hópuppsagnir. Ber að skoða það í ljósi 1. mgr. 4. gr. laga um hópuppsagnir um að ákvæði laganna gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum. Heimfært á opinbera aðila kann það t.d. að eiga við þegar tilfærslur eða sameiningar ríkisstofnana eiga sér stað eða þegar stofnanir eru lagðar niður. Í þeim tilfellum myndi útreikningur á fjölda þeirra sem sagt er upp einnig taka mið af uppsögnum nefndar- og stjórnarmanna stofnunar. Að sama skapi ættu þau störf að telja til heildarstarfa stofnunar eða fyrirtækis. Þau störf sem ber að telja til uppsagna skv. 1. gr. laganna ættu m.ö.o. einnig að teljast til heildarstarfa skv. sama ákvæði.

Í ljósi alls ofangreinds er það afstaða Vinnumálastofnunar að heimilt sé að telja starfsmenn nefnda og stjórnarmanna stofnana sem sannanlega eru venjulega í vinnu hjá atvinnurekanda með í heildarfjölda starfsmanna við mat á því hvort um hópuppsögn sé að ræða í skilningi laga nr. 63/2000.

Virðingarfyllt,
f.h. Vinnumálastofnuna

María Heimisdóttir forstjóri
Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2020

Efni: Skipulagsbreytingar og uppsagnir hjá Sjúkratryggingum Íslands

Til undirritaðs hafa leitað nokkur aðildarfélög innan BHM vegna félagsmanna sinna er starfa hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) og hefur verið sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga. Í gildandi skipuriti SÍ eru stjórnendur 22 (auk mannauðsstjóra) en verða 15 eftir fyrirhugaðar breytingar. Fimm af þeim 15 stjórnendastöðum sem nýtt skipurit gerir ráð fyrir hefur þegar verið ráðstafað til núverandi stjórnenda. Eftir standa því 10 stjórnunarstöður sem til stendur að auglýsa. Má draga þá ályktun að 17 starfsmönnum hafi verið sagt upp um sl. mánaðamót sem er nokkru meiri fjöldi en komið hefur fram í fjölmiðlum en þar hafa þeir verið sagðir 13. Er hér með óskað eftir upplýsingum um hversu mörgum stjórnendum var boðið áframhaldandi starf við stjórnun hvort sem um var að ræða breytta eða óbreytta stöðu.

Áleitnar spurningar vakna um lögmæti þessara aðgerða. Fram hefur komið að öllum stjórnendum sem sagt var upp standi til boða að þiggja lægra launuð störf óbreyttra sérfræðinga. Enn er óljóst hver verkefni þeirra verða kjósi þau að þiggja störf sérfræðinga en vísbendingar eru um að þau eigi áfram að sinna nokkurn veginn sömu verkefnum og áður en þó á lægri launum. Gagnrýniver er að ekki hafi legið fyrir samhliða uppsögn hvaða starf hverjum og einum stæði til boða á lægri launum að loknum uppsagnarfresti. Það hlýtur að vera grunnforsenda þess að fólk geti tekið afstöðu til boðs um nýtt starf. Þá er vert að nefna að fram hefur komið hjá félagsmönnum aðildarfélaga BHM að í einhverjum tilvikum hafi fólk verið tjáð munnlega að viðkomandi uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar yrðu til nýrrar stjórnunarstöðu er hún yrði auglýst. Með öðrum orðum, fólk tjáð að það tæki því ekki fyrir það að sækja um sitt gamla starf þegar það yrði auglýst undir nýju heiti.

Nýlega var haft eftir forstjóra SÍ í fjölmiðli að samkvæmt lögum sé stofnuninni skylt að auglýsa lausar stöður.¹ Einnig var þar haft eftir forstjóranum að það væri yfirlýst markmið stofnunarinnar að starfsfólki yrði ekki fækkað í fyrirhuguðum skipulagsbreytingum og þeim sem sagt yrði upp yrðu boðin önnur störf. Hér gætir misræmis. Það stenst engan veginn að stofnuninni sé í senn skylt að auglýsa allar lausar stöður en jafnframt heimilt að bjóða starfsfólki sem sagt er upp endurráðningu í nýjar/aðrar stöður án auglýsingar. Auk þessa er ljóst að minnst sex stjórnendum, samkvæmt núgildandi skipuriti, stendur til boða að halda áfram störfum sem stjórnendur án þess að þær stöður verði auglýstar.

Það stenst enga skoðun að stofnuninni sé einungis skylt að auglýsa laus störf þegar það þykir henta æðstu stjórnendum hennar en í öðrum tilvikum ekki. Hafi meðalhófs og jafnræðis verið gætt er

¹ <https://www.visir.is/g/20202020420d>

stofnuninni hægt um vik að leggja fram gögn því til staðfestingar að fram hafi farið persónubundið mat á hverjum og einum stjórnanda og ákvörðun um uppsögn eða áframhaldandi störf hafi verið tekin á grundvelli þess. Matið ætti að sýna af hverju viðkomandi uppfyllir eða uppfyllir ekki hæfisskilyrði nýrrar/breyttrar stöðu, jafnvel þótt viðkomandi hafi langa starfsreynslu hjá Sí. Þá er vert að benda á að það er ámælisvert af stofnuninni að senda út fréttatilkynningu sem fer ekki rétt með staðreyndir eins og fjallað er um í tilvitnaðri frétt.

Kallar undirritaður eftir skýringum Sí á því misræmi sem hér hefur verið nefnt sem og svörum við þeim spurningum sem hér koma fram. Er þessum uppsögnum harðlega mótmælt og lögmæti þeirra dregið í efa. Skorar undirritaður á Sí að draga uppsagnirnar til baka og bíða með að auglýsa nýjar stöður þar til gengið hefur verið úr skugga um lögmæti uppsagnanna.

Áskilinn er allur réttur í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM

Afrit sent:

*Svandísi Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra
Félag Sjúkraþjálfara
Fræðagarður
Iðjuþjálfafélag Íslands
Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga
Stéttarfélag lögfræðinga*



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Bandalag háskólamanna
Bt. Andri Valur Ívarsson hdl.
Lögmaður BHM,
Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2020

Vísað er til erindis BHM sem dagsett er þann 9. október 2020, þar sem m.a. eru reifaðar áhyggjur félagsins af hugsanlegu lögmæti þeirra skipulagsbreytinga sem nú standa fyrir dyrum hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). Áður en vikið er að efnisatriðum bréfsins telja SÍ sér bæði rétt og skylt að greina í stuttu máli frá því í hverju yfirstandandi skipulagsbreytingar felast um leið og áhersla er á það lögð, að áhyggjur BHM af hugsanlegu lögmæti þessara aðgerða eru algerlega þarflausar.

Þegar grunnurinn að Sjúkratryggingum Íslands var lagður með frumvarpi því sem varð að lögum 112/2008 var meginmarkmiðum stofnunarinnar lýst á þann hátt, að hún skyldi annars vegar annast ákvarðanir um réttindi einstaklinga til heilbrigðisþjónustu og bóta sem nánar er kveðið á um í lögnum og hins vegar að tryggja sjúkratryggðum aðgengi að heilbrigðisþjónustu með því að útvega og semja um heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra. Megin verkefni stofnunarinnar eru því annars vegar að ákvarða sjúkratryggðum réttindi og hins vegar að útvega og semja um þjónustu. Því miður hefur síðast gildandi skipurit stofnunarinnar ekki endurspeglað á fullnægjandi hátt þessi kjarnaverkefni hennar. Hefur starfsemi stofnunarinnar sætt töluverðum aðfinnslum m.a. frá Ríkisendurskoðun og fleiri aðilum sem ekki verða raktar frekar hér.

Núverandi skipurit stofnunarinnar má setja upp með þessum hætti:

- I. Stjórn – skipuð af ráðherra.
- II. Forstjóri – skipaður af ráðherra.
 - a. Mannauðsstjóri
- III. Svið:
 - a. Hjálpartækjasvið (sviðsstjóri)
 - i. Meðferðarhjálpartækjadeild (Deildarstjóri og 11 starfsmenn)
 - ii. Birgðahald hjálpartækja og dreifing (Deildarstjóri og 15 starfsmenn)
 - iii. Hjálpartæki (Deildarstjóri og 11 starfsmenn)
 - b. Viðskiptasvið (sviðsstjóri)
 - i. Lyfjadeild (Deildarstjóri og fjórir starfsmenn)
 - ii. Samningadeild (Deildarstjóri og fimm starfsmenn)
 - c. Fjármála- og rekstrardeild (sviðsstjóri)
 - i. Fjármál og greiðslur (Deildarstjóri og tveir starfsmenn)
 - ii. Reikningshald (Deildarstjóri og tveir starfsmenn)
 - iii. Rekstur og upplýsingatækni (Deildarstjóri og fjórir starfsmenn)
 - iv. UT-þróun (Deildarstjóri – enginn starfsmaður)



**Sjúkratryggingar
Íslands**

- v. Þjónustuver (Deildarstjóri og sjö starfsmenn)
- d. Tryggingarsvið (sviðsstjóri)
 - i. Alþjóðadeild (Deildarstjóri og ellefu starfsmenn)
 - ii. Deild heilsugæslu og þjálfunar (Deildarstjóri og sex starfsmenn)
 - iii. Deild hjúkrunarheimila og sjúkráþjónustu (Deildarstjóri og einn starfsmaður)
 - iv. Læknadeild (Tryggingaryfirlæknir og einn starfsmaður)
 - v. Sjúkráþjónustudeild (Deildarstjóri og níu starfsmenn)
 - vi. Slysatriggingardeild (Deildarstjóri og fjórtán starfsmenn)
 - vii. Tryggingaryfirtannlæknir (einn maður)
 - viii. Tryggingarskrár (Einn verkefnastjóri)

Á síðastliðnum vetri voru, í tengslum við stefnumótunarvinnu stofnunarinnar, haldnar nokkrar vinnustofur með starfsmönnum, þar sem unnar voru ýmsar greiningar, svo sem SVÓT greiningar (Styrkleikar, Veikleikar, Ógnanir, Tækifæri). Meðal helstu niðurstaðna kom fram að þörf væri á endurskoðun skipulags enda væru of mörg dæmi um að sambærileg verkefni væru unnin á fleiri en einum stað (svo sem gagnagreiningar), öðrum verkefnum væri alls ekki nægilega sinnt (svo sem eftirliti), skortur væri á yfirsýn og upplýsingaflæði þyrfti að efla. Jafnframt kom fram að stórefla þyrfti upplýsingatækni, eftirlit og gagnagreiningar. Í tengslum við þessa vinnu var stjórnendum falið að greina verkefni sinna eininga þannig að hægt væri að ná yfirsýn yfir öll verkefni, skörun þeirra milli starfseininga og þannig greina m.a. tækifæri til samlegðar og jafna dreifingu álags en margoft hefur komið fram að álagi innan stofnunarinnar sé misdreift. Við vinnuna var einnig litið til niðurstaðna bæði innri og ytri greininga á líðan starfsmanna. Niðurstöður þeirra greininga eru einkum þær að álag sé of mikið og því sé misskipt, að upplýsingaflæði sé ónógt og boðleiðir ekki nægilega skýrar, að laun séu ekki í samræmi við verkefni, og að staða ýmissa verkefna sé ófullnægjandi (þar er ekki síst vísað til upplýsingatækni, gagnagreininga og eftirlits). Í tengslum við innri kannanir á líðan starfsmanna hefur hæfni stjórnenda verið metin. Því miður hafa stjórnendur of oft fengið ófullnægjandi einkunn í því mati. Það sem einna helst hefur verið kvartað undan eru skortur á skýrri stefnu, ákvarðanatöku og forgangs röðun innan eininga, að álag sé um of og misskipt milli eininga, upplýsingaflæði ófullnægjandi, að stjórnendur taki ekki á erfiðum málum og svo framvegis. Einnig kemur fram að of oft sé skortur á upplýsingaflæði og samstarfi milli eininga og að skipulag sé of flókið.

Niðurstöður þessarar viðamiklu greiningarvinnu voru ítrekað kynntar sviðsstjórum á mismunandi stigum, þær ræddar og kallað eftir ábendingum. Helstu atriði voru jafnframt kynnt deildarstjórum á stjórnendafundum og öllum starfsmönnum á starfsmannafundi sl. vor. Á grundvelli þessarar vinnu, með hliðsjón af ábendingum Ríkisendurskoðunar og í þeim tilgangi að færa skipulag stofnunarinnar nær lögbundnu hlutverki hennar, eins og forstöðumönnum stofnana ríkisins ber að tryggja sbr. 38. gr. laga 70/1996, var skipulag stofnunarinnar endurskoðað. Við uppbyggingu hins nýja skipulags var út frá því gengið að leggja skyldi áherslu á kjarnaverkefni stofnunarinnar, eins og að framan hefur verið lýst. Því voru skilgreind tvö kjarnasvið, Þjónustusvið og Réttindasvið, sem eiga hvort um sig að sinna þessum verkefnum, eins og nöfn sviðanna gefa til kynna. Frá upphafi var ljóst, að verulegra skipulagsbreytinga yrði þörf, sem m.a. felast í því að skipta upp sviðum og deildum og sameina sambærilega starfsemi ýmissa deilda á einum stað. Sameining sambærilegra verkefna á einn stað í stað margra hefur í för með sér samlegðaráhrif og aukinn sveigjanleika en hvoru tveggja er til þess fallið að draga úr álagi en starfsmenn og stjórnendur Sí hafa



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Ítrekað bent á (bæði í formlegum könnunum og með óformlegum hætti) að álag sé of mikið og því sé misskipt milli starfseininga. Auk þess hefur fækkun stjórnunareininga, og þar með stjórnenda, þau áhrif að unnt er að styðja betur við stjórnendur og samræma stjórnunarlega ábyrgð. Slíkar aðgerðir eru mikilvægar til dæmis í ljósi niðurstaðna stjórnendamats og í ljósi stofnanasamninga sem gera ekki greinarmun á t.d. stærð deilda þegar stjórnendum er raðað til launa.

Á fundum með starfsmönnum og stjórnendum stofnunarinnar hefur verið lögð á það sérstök áhersla, að í þessar breytingar væri ráðist til þess að færa skipulag stofnunarinnar nær hlutverki hennar að lögum og jafnframt til að gera hana betur í stakk búna til að takast á við stóraukin verkefni sem henni eru ætluð í samræmi við heilbrigðisáætlun sem samþykkt var á Alþingi í byrjun júní 2019. Sérstök áhersla var á það lögð, að með breytingunum væri á engan hátt stefnt að því að fækka starfsmönnum, enda þörf á öllum þeim starfsmönnum sem nú eru til staðar til að mæta bæði núverandi og nýjum verkefnum, en óhjákvæmilega myndi fækka í röðum stjórnenda við þessar breytingar.

Hið nýja skipulag eins og það var staðfest af stjórn stofnunarinnar þann 24. september 2020 og taka mun gildi frá og með 1. janúar 2021 lítur þannig út:

- I. Stjórn
- II. Forstjóri
 - a. Skrifstofa forstjóra. Með nýju skipuriti er þessi rekstrareining sýnd með skýrari hætti
 - b. Innri rekstur (þjónustuver, daglegur rekstur SÍ, skjalavarsla, húsnæði og mötuneyti)
 - c. Verkefnastofa
 - d. Mannauðsstjóri
- III. Þjónustusvið (Kjarnasvið - sameinuð Viðskiptasvið og hluti verkefna Hjálpartækjasviðs, ásamt eftirlitsverkefnum frá Tryggingasviði)
 - a. Samningadeild (minniháttar breyting – einn starfsmaður fluttur annað)
 - b. Lyfja- og meðferðarhjálpartækjadeild (Ný deild, nýtt starf - sameinuð úr tveimur deildum frá annars vegar Viðskiptasviði og hins vegar Hjálpartækjasviði)
 - c. Eftirlitsdeild (Ný deild, nýtt starf)
 - d. Viðhald og Vörustjórnun hjálpartækja (Hluti verkefna deildar birgðahalds og hjálpartækja, aukin áhersla á vörustýringarhlutverk)
- IV. Réttindasvið (Kjarnasvið – tekur við helstu verkefnum Tryggingasviðs ásamt hluta verkefna Hjálpartækjasviðs)
 - a. Tryggingardeild (Ný deild - sameinuð úr alþjóðadeild og slysatryggingardeild)
 - b. Heilbrigðisþjónustudeild (Ný deild sameinuð úr deild heilsugæslu og þjálfunar, deild hjúkrunarheimila og sjúkrahúsþjónustu, hjálpartækjadeild og sjúkraþjónustudeild)
 - c. Læknadeild (óbreytt nema að yfirtryggingartannlæknir er færður undir deildina)



**Sjúkratryggingar
Íslands**

- V. Upplýsingatæknisvið (Nýtt svið, stoðsvið – staðfest af stjórn 27. ágúst 2020, engar deildir en öll verkefni sem tengjast UT málum og tryggingaskrá færð undir eitt svið. Almenn rekstrarverkefni sem tengdust deild upplýsingatækni og rekstrar í fyrra skipulagi eru EKKI hluti sviðsins.)
- VI. Fjármálasvið (Nýtt svið - stoðsvið)
 - a. Hagdeild (Ný deild – með áherslur á annars vegar áætlanagerð og hins vegar víðtæka gagnagreiningu)
 - b. Reikningshald (óbreytt frá eldra skipulagi)

Verkefni tengd fjárstýringu og launavinnslu munu heyra beint undir sviðsstjóra.

Eins og ráða má með samanburði á framangreindum skipulagslýsingum á stofnuninni nú og í framtíðinni, er ljóst að nauðsynlegt er að leggja niður bæði svið og stóran hluta núverandi deilda. Slík niðurlagning starfa hefur óhjákvæmilega í för með sér að nauðsynlegt er að segja upp stjórnendum þessara eininga, þar sem ekki er heimilt með tilvísun til heimildarákvæðis 19. gr. starfsmannalaganna að færa stjórnendur í ný störf.

Þær einingar sem fyrir minnstri röskun verða við þessar breytingar, starfslega og launalega, eru eftirfarandi:

- a. Tryggingarsvið (sviðsstjóri Réttindasviðs)
- b. Reikningshald
- c. Samningadeild
- d. Læknadeild
- e. Þjónustuver
- f. Tryggingaskrá
- g. Yfirtryggingartannlæknir

Þau svið þar sem um verulega breytt fyrirkomulag er að ræða eru:

- a. Hjálpartækjasvið: lagt niður, verkefni færð á Þjónustusvið og Réttindasvið
- b. Viðskiptasvið: lagt niður, verkefni færð á Þjónustusvið og Réttindasvið
- c. Fjármála- og rekstrarsvið: lagt niður. Málefni innri rekstrar flutt á deild innri rekstrar. Verkefni sem snúa að UT málum sameinuð á nýtt UT svið. Reikningshald flyst óbreytt á nýtt fjármálasvið. Deild fjármála og greiðslna er lögð niður, greiðslur felldar beint undir sviðsstjóra fjármálasviðs en önnur verkefni deildarinnar flutt á nýja hagdeild á nýju fjármálasviði.

Því hefur reynst nauðsynlegt að leggja niður eftirfarandi stjórnunarstöður:

1. Sviðsstjóri Hjálpartækjasviðs
2. Sviðsstjóri Fjármála- og rekstrarsviðs
3. Sviðsstjóri Viðskiptasviðs
4. Deildarstjóri rekstrar og upplýsingatæknideildar
5. Deildarstjóri UT – þróunar
6. Deildarstjóri hjúkrunarheimila og sjúkrahúspjónustu



**Sjúkratryggingar
Íslands**

7. Deildarstjóri fjármála og greiðslna
8. Deildarstjóri slysatrygginga
9. Deildarstjóri lyfjadeildar
10. Deildarstjóri alþjóðadeildar
11. Deildarstjóri meðferðarhjálpartækjadeildar
12. Deildarstjóri hjálpartækjadeildar
13. Deildarstjóri birgðahalds hjálpartækja og dreifingar
14. Deildarstjóri heilsugæslu og þjálfunar.

Stjórnunarstöður nýrra eininga sem ber að auglýsa sbr. Regl. 1000/2019 eru eftirfarandi:

1. Sviðsstjóri Þjónustusviðs
2. Sviðsstjóri Upplýsingatæknisviðs
3. Sviðsstjóri Fjármálasviðs
4. Deildarstjóri Hagdeildar
5. Deildarstjóri Lyfja- og meðferðarhjálpartækja
6. Deildarstjóri Eftirlitsdeildar
7. Deildarstjóri Viðhalds og vörustýringar hjálpartækja
8. Deildarstjóri Tryggingardeildar
9. Deildarstjóri Heilbrigðisþjónustudeildar
10. Yfirmaður verkefnastofu.

Eins og ráða má af framanskráðu hefur töluverður undirbúningur verið unninn að þessari viðamiklu breytingu á skipulagi stofnunarinnar og að sjálfsgöðu liggja fyrir greiningar á þeim breytingum sem hér hefur verið lýst. Vonandi svarar þetta annarri aðalspurningunni í erindi félagsins.

Varðandi önnur atriði sem reifuð eru í erindi félagsins vilja SÍ taka það fram að þær kannast ekki við þá lýsingu á samtölum við starfsmenn sem fram koma í bréfi félagsins. Eins og gefur að skilja og að teknu tilliti til þeirra viðamiklu breytinga sem gerðar eru á skipulagi stofnunarinnar m.a. með sameiningu deilda hefur reynst nauðsynlegt að endurmeta og endurskilgreina kröfur til stjórnenda og hafa SÍ að sjálfsgöðu gert starfsmönnum grein fyrir þessum breytingum. Undir engum kringumstæðum hefur starfsmanni hins vegar verið sagt fyrirfram að hann uppfylli ekki væntanlegar kröfur eins og haldið er fram í bréfi félagsins.

Hvað varðar fréttatilkynningu SÍ sem vitnað er í til í bréfi félagsins fá SÍ með engu móti séð hvaða áhrif hún getur haft á þetta ferli. Það sem meginmáli skiptir eru þær upplýsingar sem komið hefur verið á framfæri við stjórnendur og almenna starfsmenn stofnunarinnar á fundum og í samtölum forstjóra og mannauðsstjóra við stjórnendur. Ónákvæmt orðalag fréttatilkynningar sem ætlað er að vekja athygli viðskiptavina og samstarfsaðila SÍ á þeim viðamiklu breytingum sem framundan eru og að ekki standi til að fækka starfsmönnum geta með engu móti skipt hér máli. SÍ hafna alfarið þeim ávirðingum sem bornar eru fram í bréfi félagsins vegna þessa.

Varðandi efasemdir félagsins um lögmati þeirra aðgerða sem nú standa yfir er SÍ ekki alveg ljóst að hvaða leyti félagið telur þær brjóta gegn lögum. Hvergi í erindi BHM er gerð grein fyrir því, að hvaða leyti félagið telur að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið stangist á við



**Sjúkratryggingar
Íslands**

lög. Þegar litið er til þess sem að framan hefur verið ritað og með hliðsjón af skorti á rökum frá félaginu telja Sí engar forsendur vera fyrir hendi sem réttlæta að umræddar uppsagnir verði dregnar til baka, eða þessu ferli seinkað með einhverjum hætti og er öllum kröfum félagsins þar að lútandi hafnað.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimsdóttir, forstjóri

Afrit: Vilborg Hauksdóttir, formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands